

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu L201 á Sólborg föstudaginn 19. desember 2008 og hófst kl. 14:00. Anna Þóra Baldursdóttir fundarstjóri setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

## 1. Staða og starfsemi háskólans

Rektor hóf mál sitt á því að fara fyrir nokkrar lykiltölur varðandi fjölda nemenda, kennara og starfsfólks HA. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

1487 nemendur eru skráðir til náms haustið 2008, þar af um þriðjungur í fjarnámi og tæplega 400 í framhaldsnámi. Athygli vekur að konur eru markvert fleiri eða 1102 á móti 385 körlum.

Fastráðnir starfsmenn eru um 190 talsins. 128 þeirra eru kennarar og hafa 54 doktorspróf, 66 meistaraþróf og 8 annað próf.

Deildir við háskólann eru nú þrjár talsins: Hug- og félagsvísindadeild, heilbrigðisdeild og viðskipta- og raunvísindadeild.

Vék rektor þessu næst að helstu atriðum í starfsemi háskólans á liðnu ári. Þar nefndi hann fyrst ný lög um opinbera háskóla sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor. Ýmis nýmæli eru í lögnum og unnið er að breytingum innan háskólans til að aðlaga stjórnskipan hans að þeim. Meðal breytinga er nýskipað háskólaráð þar sem fleiri utanaðkomandi aðilar sitja nú en áður en það tryggir háskólanum meiri og betri tengsl við þjóðlífið. Háskólaráð vinnur nú að því að aðlaga reglur og stjórnskipulag háskólans að nýju lögnum og hefur gefið sér að þær breytingar taki gildi á komandi ári.

Rektor sagði frá því að Háskólinn á Akureyri hefur á undanförunum árum fækkað kennsludeildum og endurskipulagt stjórnáslu og stoðþjónustu. Í ágúst voru kennaradeild og félagsvísinda- og lagadeild sameinaðar í hug- og félagsvísindadeild. Þar með eru deildir háskólans orðnar þrjár en rektor tók fram að sameining deildanna hafi ekki í för með sér skerðingu á námsframboði.

Þá sagði rektor frá því að í febrúar hafi tekið til starfa vísindaráð sem hefur þau verkefni helst að vera rektor, háskólaráði, háskólafundi og yfirstjórn til ráðgjafar um málefni vísinda við háskólann og bætt umhverfi til rannsókna fyrir kennara.

Í máli rektors kom enn fremur eftirfarandi fram:

Unnið er að fullri innleiðingu viðmiða um æðri menntun og prófgráður skv. áætlun sem samþykkt var í gæðaráði og tekinn var í notkun nýr hugbúnaður, Blakkur eða Blackboard, fyrir rafrænt kennslu- og námsumhverfi háskólans sem allir kennarar og nemendur nota.

Fjarnám í iðjuþjálfun hófst í haust og eru nemendur dreifðir um allt landið. Við háskólann er nú að störfum nefnd sem skoðar m.a. á hvern hátt verkefnið „Fjarnám, tækifæri til náms, óháð stund og stað“ getur orðið að veruleika með góðri samvinnu við símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur á landsbyggðinni.

Mikil aukning hefur verið í meistaranámi við háskólann að undanfögnu og er nú framhaldsnám í boði í öllum deildum.

Ötullega er unnið að því að auka rannsóknastarfsemi innan Háskólans á Akureyri og fjölga birtingum ritryndra fræðigreina bæði í innlendum og erlendum ritum. Vísbendingar úr ISI gagnagrunninum Web of Science eru þær að háskólinn hafi farið vel fram úr markmiði sínu fyrir yfirstandandi ár sem var 12 ritryndar ISI greinar því þær eru orðnar a.m.k. 20 talsins. Til samanburðar voru ISI greinar fræðimanna 9 talsins árið 2007.

Þátttaka kennara háskólans í rannsóknaverkefnum sem styrkt eru úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum hefur verið virk á árinu.

Alþjóðlegt samstarf er umtalsvert og fer sífellt vaxandi. Fjölmargir Erasmus skiptisamningar hafa verið gerðir sem auka á fjölbreytni og val nemenda og kennara til skiptináms og kennslu.

Háskólinn á Akureyri stefnir að því að starfsemi hans byggist á virkum tengslum við atvinnulífið og samfélagið. Í þeim tilgangi hafa verið gerðir samningar við fyrirtæki um að efla nám og rannsóknir við háskólann.

Þann 22. apríl sl. afhenti menntamálaráðherra Háskólanum á Akureyri viðurkenningu vegna fræðasviða. Viðurkenningarnar eru byggðar á álitum alþjóðlegra sérfræðinefnda sem fóru yfir starfsemi háskólans og skiluðu ítarlegum skýrslum um hana. Niðurstöður sérfræðinefndanna voru jákvæðar og lögðu þær fram ýmsar gagnlegar ábendingar um starfsemi háskólans sem þegar er unnið eftir og aðgerðir í burðarliðnum. Viðurkenningarferlið og annað gæðastarf hefur eflt gæðamenningu og gæðameðvitund innan háskólans og styrkt starfsfólk hans í þeirri trú að Háskólinn á Akureyri hafi náð góðum árangri og að hann hafi mikilvægu hlutverki að gegna í framtíðinni.

Framkvæmdir við IV áfanga nýbygginga við Sólborg eru í fullum gangi. Í viðbyggingunni verða hátíðarsalur og fyrirlestrarstofur auk smærri kennslurýma. Gert er ráð fyrir að byggingin verði tekin í notkun árið 2010. Jafnframt hefur fengist heimild menntamálaráðuneytis til að gera bygginganefndarteikningar að V áfanga sem í verður skrifstofuaðstaða fyrir kennara. Það eru því góðar líkur á því að árið 2010 flytjist öll staðbundin starfsemi háskólans á svæði Sólborgar nemendum og starfsmönnum til mikilla hagsbóta.

Háskólanum á Akureyri barst ríkulegur styrkur frá Þorbjörgu heitinni Finnbogadóttur en hún ánafnaði háskólanum andvirði íbúðar sinnar þegar hún féll frá í apríl sl. Fjármununum verður varið í frekari uppbyggingu fjarnáms við háskólann og í virðingar- og þakkarskyni við Þorbjörgu verður kennslustofa í háskólanum látin heita eftir henni. Háskólinn á Akureyri þakkar Þorbjörgu og ættingjum hennar fyrir einstakan höfðingsskap og velvild.

Útgjöld til Háskólans á Akureyri eru skorin niður um 127,5 mkr. eða 8,6 % skv. nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar, verði það samþykkt. Háskólaráð hefur samþykkt að veita framkvæmdastjórn háskólans að gera tillögur að rekstraráætlun fyrir árið 2009 þar sem stefnt verði að því að mæta fyrirhuguðum niðurskurði án þess að segja upp starfsfólki og áhersla lögð á að raska ekki námi nemenda.

Þrátt fyrir tímabundinn niðurskurð er framtíð Háskólans á Akureyri björt. Rekstur háskólans á þessu ári stendur vel. Í frumvarpi til fjárukalaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gerð tillaga um 225 mkr. aukafjárveitingu til þess að gera upp stóran hluta af rekstrarhalla frá árunum 2003 og 2004. Framkvæmdir við nýtt húsnæði eru samkvæmt áætlun og háskólinn er vel tengdur í alþjóðasamstarfi.

Að loknum þessum orðum óskaði rektor ársfundargestum öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

## **2. Rekstur háskólans**

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri HA gerði grein fyrir rekstri Háskólans á Akureyri árið 2007. Í orðum hans kom fram að í fyrsta sinn frá árinu 2000 skilaði rekstur háskólans rekstrarafgangi á árinu 2007 og að auki væri gert ráð fyrir að háskólinn skilaði rekstrarafgangi á árinu 2008. Þar með væru markmið stjórnenda háskólans frá árunum 2005 og 2006 um hallalausan rekstur ásamt samningum um greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla að nást.

Í rekstrarreikningi ársins 2007 kom fram að sértekjur háskólans lækkuðu úr 354,7 milljónum árið 2006 í 339,1 milljón árið 2007. Á sama tíma jukust rekstrargjöld úr 1.358.035 krónum í 1.460.192 krónur. Tekjuafgangur ársins voru 625.914 krónur á móti 15,3 milljóna tekjuhalla árið 2006.

Í efnahagsreikningi fyrir árið 2007 kom fram að eigið fé skólans var neikvætt um rúmar 336 milljónir og að skuld skólans við ríkissjóð var 492,9 milljónir. Eignir skólans námu 169,9 milljónum.

Ólafur vék þessu næst að þróun fjárlaga árin 2004-2009 og þar kom fram að nemendaframlag og framlag til rannsókna og annarra verkefna hefur aukist jafnt og þétt á tímabilinu. Greiðslur úr ríkissjóði fara jafnframt hækkandi á tímabilinu. Að lokum greindi Ólafur frá því að búast mætti við talsverðum samdrætti í rekstri skólans á næsta ári og enn frekari samdrætti á árinu 2010 sökum efnahagsástandsins.

## **3. Samningur við Akureyrarbæ um sérfræðipjónustu fyrir skóla**

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri tók til máls og tæpti á því helsta í áframhaldandi samningi Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri um sérfræðipjónustu fyrir skóla. Hafði hún á orði að með áframhaldandi samstarfi væri möguleiki á góðum árangri og taldi hún að 99% menntaðra grunnskólakennara og 75-80% menntaðra leikskólakennara í grunn- og leikskólum bæjarins sýndi best þann árangur í verki. Að lokum þakkaði hún Þorsteini Gunnarssyni rektor samstarfið og þakkaði honum góð störf.

Að því loknu undirrituðu bæjarstjóri og rektor samning um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrar og rannsóknir og úttekt á skólastarfi.

#### **4. Rósa Eggertsdóttir. Fræ litlu gulu hænunnar**

Rósa Eggertsdóttir sérfræðingur við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri flutti erindi um byrjendalæsi, verkefni sem hefur verið í gangi síðustu 4 ár. Verkefnið gengur út á breyttar kennsluaðferðir í lestrarkennslu þar sem samvirkri nálgun er beitt. Það hefur hlotið góðar viðtökur og óska nú skólar í Reykjavík, Borgarnesi og Akranesi eftir þátttöku. Ekki er komin reynsla á árangurinn en vinna við verkefnið heldur áfram.

#### **5. Jóhann Örlygsson. Framleiðsla á lífrænu eldsneyti með bakteríum**

Jóhann Örlygsson prófessor í viðskipta- og raunvísindadeild flutti erindi um framleiðslu á lífrænu eldsneyti með bakteríum en verkefnið er styrkt af tækniþróunarsjóði. Rannsakað er annarrar kynslóðar etanól sem unnið er úr úrgangi og óætum plöntum og hvort hugsanlega gæti orðið sjálfbær etanólframleiðsla á Íslandi í framtíðinni.

#### **6. Árún Sigurðardóttir. Líf með sykursýki**

Árún Sigurðardóttir deildarforseti heilbrigðisdeildar flutti erindi sem byggist á doktorsritgerð hennar og nefnist Líf með sykursýki en í dag eru um 3-4 % Íslendinga með sykursýki. Rannsakað var hvort fræðslumeðferð skilaði árangri í aukinni sjálfsumönnun og bættri blóðsykurstjórn.

#### **7. Önnur mál**

Sveinn Jónsson bóndi og athafnamaður tók til máls og lýsti yfir ánægju sinni með þau rannsóknarverkefni sem væru í gangi við Háskólann á Akureyri og vísaði sérstaklega til verkefnis Jóhanns Örlygssonar um rannsóknir á etanóli. Hann sagðist einnig geta rætt marga í tengslum við erindi Rósu Eggertsdóttur um lestur og læsi og taldi að í dag væru færri vel læsir en fyrir 60 árum þegar hann var í barnaskóla. Taldi hann því að þörfin fyrir kennara væri stöðug og mikilvæg.

Hann fagnaði einnig því að á klöppinni við Sólborg væri að rísa háskólasetur sem hann sagði mikla lyftistöng fyrir bæjarsamfélagið allt.

Um leið og hann sagðist vona eftir samvinnu við Háskólann á Akureyri óskaði hann háskólanum gæfu og gengis og að stofnunin gerði drengi að mönnum og menn að góðum drengjum.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði fundarstjóri frummælendum framlag þeirra og fundarmönnum fundarsetuna og óskaði öllum gleðilegra jóla. Fundi var slitið kl. 15:45.